

## Beiðni til Sjúkratrygginga um kaup á heilbrigðisþjónustu<sup>1</sup>

Markmiðið með þessu eyðublaði er að auðvelda Sjúkratryggingum, að meta heilbrigðisþjónustu sem rekstraraðilar óska eftir að stofnunin kaupi eða Sjúkratryggingar óska eftir að kaupa og greiða ber af almannatryggingum, ef fjárveitingar fást.

Þess er vænst að eyðublaðið geti auðveldað stofnuninni og bjóðendum, ef svo ber undir, að styðjast við bestu og áreiðanlegustu upplýsingar sem völ er á við kaup á nýrri heilbrigðisþjónustu og að ferlið frá umsókn til ákvörðunar verði skilvirkt, fastmótað og tryggi að nauðsynleg gögn og upplýsingar liggi fyrir frá byrjun. Það er á ábyrgð bjóðanda að þær upplýsingar sem hann veitir á þessu eyðublaði séu réttar og fullnægjandi og að öll fylgiskjöl, svo sem greinar og skýrslur, fylgi beiðninni.

Við ákvörðun um hvaða þjónustu eigi að veita og kosta af almannafé þarf m.a. að meta þörfina fyrir þjónustuna, líklegan árangur af henni, gæði hennar, kostnað henni samfara og það fjármagn sem til ráðstöfunar er. Einnig þarf að gæta að jafnræði sjúklinga í þessu tilliti.

Sjúkratryggingar áskilja sér rétt til að leita umsagnar í einstökum málum til sérfróðra aðila, innanlands eða utan, eftir því sem þurfa þykir.

### Orðskýringar:

Merking orða er í skjali þessu sem hér segir:

*Verk:* Hvers konar þjónusta sem ætluð er til forvarna gegn, greiningar á eða meðferðar við sjúkdómi, slysi, fæðingargalla eða hættuástandi eða endurhæfingar eftir sjúkdóm eða slys. (sjá m.a. 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990)

*Sjúklingur:* Hver sá sjúkratryggður einstaklingur sem nýtur eða ætlað er að njóta þeirrar þjónustu (verks) sem beiðnin fjallar um.

*Verkkaupi:* Sjúkratryggingar.

*Bjóðandi:* Sá sem með beiðni þessari býður Sjúkratryggingum þjónustu til kaups.

---

<sup>1</sup> (sbr. 5., 39., 40. og 44. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008)

**Svarið eftirfarandi spurningum og skrifið stutta lýsingu þar sem þess er óskað.  
Merkið fylgiskjöl í númeraröð og skrifið einnig númerin í svarreitina þar sem það á við.**

**\*1. Bjóðandi** - Hver óskar eftir samningi? - Lýsið því nákvæmlega, eftir því sem við á, (nafn, heimilisfang, kennitala) hvaða einstaklingur, sérgrein, faggrein eða lögaðili, s.s. stofnun eða fyrirtæki, býður verkið.

**\*2. Verk** - Hvaða þjónusta er boðin?  
Lýsið heiti verks

Lýsið stuttlega hvað fellst í verkinu (t.d. tegund og eiginleikum tækis).

**\*3. Verkunarmáti** - Lýsið verkunarmáta verksins og getið heimilda. (vinsamlegast sendið bestu heimildir að ykkar mati)

**\*4. Ábendingar** - Lýsið því hvaða ábendingar eru fyrir verkinu, s.s. hvaða sjúklingar eiga að njóta þess, hvenær og við hvaða aðstæður.

**\*5. Tilgangur og ávinningur** - Lýsið tilgangi og markmiði með verkinu.

Ávinningur sjúklings af verkinu.

Ávinningur verkkaupa.

**6. Áhrif og árangur** - Lýsið áhrifum verksins og árangri, s.s. á dánartíðni, sjúkleika eða lífsgæði, og getið heimilda sbr. lið númer 7.

**7. Heimildir** - Er til kerfisbundið yfirlit eða safngreining?

Ef já - hver er niðurstaðan? (getið heimilda ef til eru vandaðar rannsóknir sem ekki voru teknar með í yfirlitið eða safngreininguna)

Ef nei - eru til tvíblindar slembaðar rannsóknir? (sendið aðeins með þær rannsóknir sem þið teljið vandaðastar)

Hefur verið unnin heilbrigðisækníttækt (HTA) eða eru til aðrar heimildir (aðrar en grunnrannsóknir) af svipuðum toga svo sem klínískar leiðbeiningar unnar á viðurkenndan hátt? (Getið heimilda)

**8. Áhætta** Hvaða áhætta fylgir verkinu? - Lýsið því hvort áhætta af verkinu er þekkt og hver hún er, s.s. aukaverkanir eða önnur óæskileg áhrif.**9. Meðferðar- og ábyrgðaraðilar** - Lýsið því hvaða stétt heilbrigðisstarfsmanna mun framkvæma verkið og hver bera ábyrgð á því.**10. Sjúklingar** - Hverjir eru sjúklingarnir?

Hvaða sjúklingar þurfa á verkinu að halda?

Hvernig er ætlunin að ná til þeirra?

**11. Sjúklingar** - Hvaðan koma sjúklingarnir? (Áætlið innbyrðis skiptingu í % ef þeir koma frá tveimur eða fleiri stöðum.)

Af sjúkrahúsum:

Frá heilsugæslunni:

Frá sérfræðingum:

Beint:

**12. Þörf** - Hver er þörfin fyrir verkið? Hvert er algengi þess ástands hér á landi, sem verkinu verður beint að? (Getið heimilda)

Lýsið áætlaðri þörf fyrir verkið (fjöldi sjúklinga).

Hvað er áætlað að verkið nái til margra sjúklinga á hverju ári fyrstu 3-5 árin:

1. ár:

2. ár:

3. ár:

4. ár:

5. ár:

Er verkinu þegar sinnt af öðrum aðilum og/eða á annan hátt?

**13. Valkostir** - Lýsið því hvort til eru aðrar hliðstæðar leiðir til að leysa vandamálið og ef svo er, hverjar þær eru og hvaða kosti og galla þær hafa.

**14. Breyting frá viðteknu verklagi** – nýmæli - útvíkkun - Lýsið því á hvaða hátt verkið er nýmæli samanborið við viðtekið verklag. (Hvernig sker verkið sig frá viðteknum aðferðum við að leysa vandann?)

Lýsið breytingum ef um útvíkkun á eldra verki er að ræða (s.s. nýjar ábendingar fyrir verkið).

**15. Viðhorf sjúklinga** - Eru fyrirsjáanlegar hindranir af hálfu sjúklinga við að taka verkið upp?

**16. Siðfræði** - Hvaða siðfræðilegar spurningar geta vaknað í tengslum við verkið?

**17. Lífsgæði** - Er líklegt að félagsstaða og vinnufærni sjúklinga sem verkið nær til breytist til hins betra við það. Ef svo er, hvernig?

**18. Valkostir** (Á aðeins við um lækningatæki.) - Er mögulegt að fá sambærileg tæki til verksins frá öðrum aðilum?

Hverjum?

Hver yrði kostnaðurinn?

**19. Stofnkostnaður** - Lýsið áætluðum stofnkostnaði við að taka upp viðkomandi verk fyrir neðangreinda liði:

**a. Tæki**

Verð?

Hver er líftími tækja?

**b. Húsnæði**

Hversu stórt húsnæði þarf til verksins (til viðbótar)

- þarf það að uppfylla einhver sértæk skilyrði?

Verð?

Fjöldi fermetra?

**c. Þjálfun**

Verð?

Tegund þjálfunar?

Eru til tölur um svipað verk frá sjúkratryggingum eða í öðrum gagnagrunnum?

**20. Beinn og óbeinn ávinningur** - Lýsið því hvaða beinn samfélagslegur ávinningur er ætlaður af því að taka upp viðkomandi verk (s.s. betri heilsa, aukin lífsgæði, færri innlagnir, færri aðgerðir, minni lyfjakostnaður, minni mannaflí, vinnuhagræðing, styttri legutími, styttri veikindafjarvistir o.s.frv.) og getið heimilda.

Leiðir verkið til sparnaðar annars staðar í heilbrigðiskerfinu (s.s. í sjúkrahúspjónustu, í heilsugæslu eða í einkageiranum)?

Hvernig?

**21. Beinn kostnaður á hvern sjúkling** - Hver er beinn kostnaður á sjúkling á ári vegna verksins?

Sundurliðun:

**22. Annar kostnaður** - Er um annan kostnað að ræða?

Hvar leggst hann til og í hverju felst hann?

Hversu hár er hann?

**23. Tilfærsla á kostnaði** - Verður tilfærsla á kostnaði við það að taka verkið upp?

Milli þjónustuaðila (s.s. sjúkrahús - heilsugæsla - sjálfstætt starfandi læknar - aðrir heilbrigðisstarfsmenn):

Milli mismunandi meðferðarleiða (s.s. lyf, sjúkrahúsjálfun, skurðaðgerð eða önnur meðferð):

**24. Verkaskipting** - Leiðir verkið til breytinga á verkaskiptingu (s.s. tilfærslu á þjónustu milli aðila)?

Innanlands

Erlendis (eru íslenskir sjúklingar meðhöndlaðir erlendis?)

Eru til tölur um verkið eða sambærileg verk frá sjúkratryggingum eða í öðrum gagnagrunnum?

**25. Áhrif á aðra heilbrigðisþjónustu** - Hefur verkið áhrif á aðra heilbrigðisþjónustu á landinu eða á einstökum stöðum?

Ef já lýsið stuttlega kostum og göllum þess.

Eru til tölur um verkið eða sambærileg verk frá sjúkratryggingum eða í öðrum gagnagrunnum?

**26. Staðsetning** - Er hentugra að sinna verkinu miðlægt fremur en á fáum stöðum?

Hvers vegna?

**27. Aðrir notkunarstaðir** - Er verkið framkvæmt annars staðar á landinu? Ef svo er, hvar?

Ef ekki - er það framkvæmt erlendis og þá hvar? (Getið heimilda)

**28. Færni starfsfólks** - Er ákveðinn fjöldi verka talinn nauðsynlegur árlega til að viðhalda færni starfsfólks?

Ef svo er, hver er sá fjöldi?

**29. Greiðsluþátttaka almannatrygginga** - Er verkið eða sambærilegt verk nú þegar greitt af almannatryggingum í öðrum löndum?

Ef já, tilgreinið hvar og getið heimilda eða nefnið mögulega samskiptaaðila – contact

Ef nei, er vitneskja um að verkið sé greitt af sértryggingum? (getið heimilda s.s. heimasíður almannatrygginga eða einkatrygginga þar sem þessu er lýst eða nefnið mögulega samskiptaaðila)

**\*30. Vottun** - Getið þess hvort verk þarf vottun, hver skal votta það og hvort vottun liggur fyrir (getið heimilda).

**31. Hagsmunatengsl** - Lýsið nákvæmlega öllum hagsmunatengslum, beinum og óbeinum, í fortíð, nútíð og fjárfjárlegri framtíð, ef einhver eru, á milli bjóðanda eða starfsmanna hans og þess sem t.d. framleiðir, selur, flytur inn eða sinnir viðhaldi tækis eða annars sem til verksins þarf.



*Takist samningar gerir verkkaupi þá kröfu að úttekt á framkvæmd, umfangi og árangri þess verks sem bjóðandi býður á þessu skjali, verði unnin af bjóðanda eða öðrum þeim sem verkkaupi tilnefnir og verði skilað til verkkaupa innan tiltekins fjölda mánaða/ára frá undirritun samnings.*

**Undirritaður/ir lýsir/a því hér með yfir að allar upplýsingar hér að framan eru gefnar samkvæmt bestu vitund og að þær heimildir, sem getið er, gefa réttustu og bestu mynd af því sem þeim er ætlað að lýsa eða svara.**

Dagsetning:

f.h. bjóðanda:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Beiðni móttækin dags.:

\_\_\_\_\_

Framsent, dags.:

Til:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Óskað frekari gagna, dags.:

Umbeðin gögn móttækin dags.:

\_\_\_\_\_

Beiðni svarað dags.:

\_\_\_\_\_